

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Alþingi


Erindi nr. P 137/212
komudagur 16.6.2009

Alþingi, Nefndasvið

Ísafirði 23. júní 2009

Hjálagt umsögn til Utanríkismálanefndar, áður send í tölvupósti þann 15. júní 2009.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga


Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri



Alþingi, nefndasvið
b/t utanríkismálanefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Ísafirði 15. júní 2009

**Efni: Umsögn um þingsályktanir varðandi aðildarumsókn að
Evrópusambandinu mál nr 38 og 54.**

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur fjallað um efni þingsályktana er varða tillögu um aðildarumsóknar að Evrópusambandinu. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur við þá vinnu kynnt sér drög að umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um sömu þingmál. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga tekur undir þau efnisatriði er koma fram í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga en vill áréttta eftirfarandi atriði.

Fjórðungssamband Vestfirðinga styður að hafin verði undirbúningur að aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Fjórðungssamband Vestfirðinga hvetur til þess að náð verði sem víðtækastri sátt um innhald væntanlegrar aðildarumsóknar og reynt verði að sameina innihald þessara tveggja þingmála í eitt. Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur hinsvegar sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti aðildarumsóknar;

- Í aðildarumsókn verði tryggð yfirráð íslenskra stjórnvalda yfir náttúruauðlindum til lands og sjávar enda er hér um að ræða grundvöll fyrir grunnatvinnuvegum Vestfirðinga.
- Í vinnu að aðildarumsókn skoðuð áhrif byggðaáætlana Evrópusambandsins á uppbyggingu innviða Vestfjarða s.s. samgangna,



raforkuöryggis og fjarskipta, uppbyggingu framhaldsmenntunar og samfélagslega þætti er varða starfsemi sveitarfélaga. Hér er vísað til svonefndra byggðakorta Evrópusambandsins, sem eiga vísun til greiningar á þróunar á skilgreindum atvinnu og þjónustusvæðum (NUTS). Á grundvelli þeirrar skoðunar verði settar fram kröfur í aðildarumsókn er lúti að hraðari uppbyggingu framangreindra þátta á landsvæðum eins og Vestfjörðum. Markmiðið verði að hraða jöfnun skilyrða búsetu og atvinnulífs á landsbyggð og höfuðborgarsvæðis og auka með þeim hætti samkeppnishæfni Íslands í Evrópu.

- Í aðildarumsókn verði sett fram sú tillaga að landshlutasamtök sveitarfélaga ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga, verið sá vettvangur sem hefur umsjón með starfsemi sveitarfélaga innan héraðanefndar Evrópusambandsins (Committee of the Regions).

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri